

Fundur stjórnar Íshokkísambands Íslands

Þriðjudaginn 17. september 2024 klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Hilmar Leifsson (HL), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GÍÞ), Olgeir Olgeirsson (OO), Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Arnar Sveinsson (AS), Sigrún Agata (SA), Ingólfur Elíasson (IE), Bergur Jónsson (BJ),

Fundargerð síðasta fundar var birt á Slack svæði stjórnar þar sem stjórnarfolk gat lesið hana yfir og gert athugasemdir. Engar athugasemdir bárust á Slack og ekki heldur við upphaf fundar og var fundargerðin borin undir atkvæði og hún samþykkt samhljóða.

Framkvæmdsstjóri gerði grein fyrir stöðu fjármála, eins og komið hefur fram á fyrri fundum er fjárhagsstaða sambandsins nokkuð þröng. Gengið var frá nýjum kostunarsamning við Bílaleigu Akureyrar sem í krónum er áþekkur fyrri samningi við Hertz. Bílaleigan vill ekki að deildin beri nafn þeirra þannig að sambandinu er frjálst að selja deildina til annars aðila. Viðræður hafa verið í gangi við Getspá um kaup á deildinni með það í huga að þetta verði Lengjudeildin. Þær viðræður eru í gangi og óvíst hvernig þær þreifingar ganga. Áfram verður leitað leiða til þess að fjármagna hreyfinguna og fá styrktaraðila að starfinu.

Nú er orðið ljóst að Fjölirnir hefur ákveðið að draga U18 lið sitt úr keppni. Þetta er mjög seint fram komið og til mikilla óþæginda fyrir störf mótanefndar. Rætt var hvort ekki þyrfti að setja fram loka dagsetningu og ef lið er dregið úr keppni eftir þá dagsetningu þá fylgi því einhverskonar viðurlög. Stjórnin er sammála því að þessi ákvörðun er ef seint fram komin, en í regluverki hreyfingarinnar er ekki tekið sérstaklega á málum í þessum dúr. Ákveðið var að skoða málið nánar og ræða við hreyfinguna á íshokkíþingi í vor. Hverslags regluverk hreyfingin óskar að hafa í kringum svona uppákomur.

Skautafélag Akureyrar sendi inn erindi til stjórnar vegna U18 liðs Fjölnis. Lýstu þeir vanþóknun á vinnubrögðum Fjölnis með formlegum hætti. Hér væri um að ræða virðingarleysi við ákvarðanir og samþykktir annarra félaga. Óskuðu þeir eftir formlegri umræðu og afstöðu stjórnar ÍHÍ. Afstaða stjórnar ÍHÍ kemur fram í bókuninni hér að ofan.

Áfram var rætt um mönnun landsliða og ljóst er að það þarf að fara að gefa þessu máli aukna áherslu. Formaður kynnti hugmynd um að fá Martin Simanek og Milos Rakansky að landsliðstarfinu, ásamt þeim Rúnari Rúnarssyni og Sheldon Reasbeck Einnig var ákveðið að fulltrúar ÍHÍ á haustþingi IIHF Viðar og Guðlaug myndu sjá hvort væru opnanir á hjálp frá norðulandabjóðum í þessu samhengi. Sérstaklega með karlaliðið í huga.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.